

## REGLUR

### um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun (hér eftir SFTR) og laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (hér eftir EMIR), hvað varðar:

1. Skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, skv. 9. og 10. mgr. 4. gr. SFTR.
2. Skráningu viðskiptaskrár, skv. 7. og 8. mgr. 5. gr. SFTR.
3. Gagnsæi og aðgengileika gagna í vörslu viðskiptaskrár, skv. 3. mgr. 12. gr. SFTR.
4. Upplýsingaskipti við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, skv. 4. mgr. 25. gr. SFTR.
5. Skyldu til skýrslugjafar, skv. 6. mgr. 9. gr. EMIR.

#### 2. gr.

##### *Tilvísanir og skilgreiningar.*

*Endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til endurtryggingafélaga með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB er átt við váttryggingafélög með starfsleyfi í endurtryggingum skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til fjárfestingarfyrirtækja með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB er átt við verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Lánastofnun með starfsleyfi skv. tilskipun 2013/36/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til lánastofnana með starfsleyfi skv. tilskipun 2013/36/ESB er átt við lánastofnanir með starfsleyfi skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Líftryggingafélag með starfsleyfi skv. tilskipun 2002/83/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til líftryggingafélaga með starfsleyfi skv. tilskipun 2002/83/EB er átt við líftryggingafélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Reikningsskil og reikningsskilastaðlar skv. reglugerð (EB) 1606/2002 og tilskipun 2006/43/EB:* Með tilvísunum til reikningsskila og reikningsskilastaðla skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða tilskipun 2006/43/EB er átt við reikningsskil og reikningsskilastaðla skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

*Sérhæfður sjóður skv. tilskipun 2011/61/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til sérhæfðra sjóða skv. tilskipun 2011/61/ESB er átt við sérhæfða sjóði skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

*Stofnun um starfstengdan lífeyri:* Tilvísanir í reglum þessum til stofnana um starfstengdan lífeyri í tilskipun 2003/41/EB er átt við starfstengda eftirlaunasjóði skv. lögum nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði.

*Tilboðsgjafi skv. tilskipun 2004/25/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til tilboðsgjafa skv. tilskipun 2004/25/EB er átt við tilboðsgjafa skv. lögum nr. 108/2007 um yfirtökur.

*Varanlegur miðill skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til varanlegs miðils skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við varanlegan miðil skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

*Váttryggingafélag með starfsleyfi skv. tilskipun 2009/138/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til váttryggingafélaga með starfsleyfi skv. tilskipun 2009/138/EB er átt við váttryggingafélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. tilskipun 2014/65/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til verðbréfafyrirtækja með starfsleyfi skv. tilskipun 2014/65/ESB er átt við verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Verðbréfasjóður skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til verðbréfasjóða skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við verðbréfasjóði skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

*Yfirvald skv. tilskipun 2004/25/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til yfirvalds skv. tilskipun 2004/25/EB er átt við Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 108/2007 um yfirtökur.

### 3. gr.

#### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 83 frá 16. nóvember 2023, bls. 1-57 og 69-117, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. desember 2021, sem birt er í viðauka við reglur þessar, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannpröfun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/364 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/365 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti um viðurlög, ráðstafanir og rannsóknir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365.

### 4. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1.-3. og 6. tölulið 2. mgr. 17. gr. laga nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og 5. tölulið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, öðlast gildi 1. janúar 2024.

*Seðlabanka Íslands, 21. desember 2023.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Linda Kolbrún Björgvinsdóttir**  
framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 386/2021****frá 10. desember 2021****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita til viðskiptaskráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/360 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af afleiðuviðskiptaskráum <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til afleiðuviðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/364 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar afleiðuviðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/365 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti um viðurlög, ráðstafanir og rannsóknir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 <sup>(8)</sup>.
- 9) IX. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

**SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:**

---

<sup>(1)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 45.

<sup>(5)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58.

<sup>(6)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85.

<sup>(7)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 125.

<sup>(8)</sup> Stj.íð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 128.

## I. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012):
 

„– **32019 R 0363**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).“
2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365):
 

„31bhb. **32019 R 0356**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita til afleiðuvíðskiptaskráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1).

31bhc. **32019 R 0357**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í afleiðuvíðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber tilvísanir til aðila að seðlabankakerfi Evrópu þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-rikkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í framseldu reglugerðinni.

31bhd. **32019 R 0358**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu afleiðuvíðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30).

31bhe. **32019 R 0359**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem afleiðuvíðskiptaskrá (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 45).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

  - a) Í 2. mgr. 1. gr.:
    - (i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ við á er bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“,
    - (ii) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina“.
  - b) Í 3. mgr. 14. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
  - c) Í b-lið 17. mgr. orðast „Sambandslög eða lög þriðju ríkja“ sem „EES-samningnum eða lög þriðju ríkja“.
  - d) Í 27. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31bhf. **32019 R 0360**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2013 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði innheimtir af afleiðuvíðskiptaskráum (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

  - a) Í 2. mgr. 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
  - b) Í 2. mgr. 10. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
  - c) Í 12. gr.:

- (i) í 1. mgr. koma orðin „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár, sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum“ í stað orðanna „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- (ii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- d) Í öðrum hluta viðaukans, í fjórðu undirgrein 3. mgr. og í 4. mgr., er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- 31bhg. **2019 R 0363:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til afleiðuviðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).
- 31bhh. **2019 R 0364:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/364 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar afleiðuviðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 125).
- 31bhi. **2019 R 0365:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/365 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti um viðurlög, ráðstafanir og rannsóknir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 128).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/356, (ESB) 2019/357, (ESB) 2019/358, (ESB) 2019/359, (ESB) 2019/360 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/363, (ESB) 2019/364 og (ESB) 2019/365, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram<sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021<sup>(9)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

forseti.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(9)</sup> Verður birt.